

Viðauki við útgefandalýsingu dags. 13. desember 2023

Landsbréf - BÚS I

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Útgefandalýsing dags. 13. desember 2023, ásamt viðauka þessum (hér eftir „**útgefandalýsing**“), útgefin af fagfjárfestastjóðnum Landsbréf - BÚS I, kt. 651116-9960, Reykjarstræti 2, 101 Reykjavík (hér eftir „**útgefandinn**“ eða „**Landsbréf - BÚS I**“), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í útgefandalýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta útgefandalýsingarinnar.

Með viðauka þessum eru breytingar gerðar á kafla 2 „*Upplýsingar um útgefandann*“, kafla 5 „*Upplýsingar um mótaðila útgefanda í fjárfestingum*“ og kafla 6 „*Tilkynning til fjárfesta*“ í útgefandalýsingu félagsins.

1. Upplýsingar um útgefandann

Kafla 2.7. „Helstu fjárfestingar útgefanda“

Fyrsta efnisgrein í undirkafla 2.7.1 „*Lánssamningar þar sem útgefandi er lánveitandi og Búseti er lántaki*“ í kafla 2.7 „*Helstu fjárfestingar útgefanda*“ er uppfærð og verður eftirleiðis:

Eignir útgefanda eru verðbréf með föstum tekjum, og miðað við stöðuna í ársreikningi 2023 var um að ræða ellefu lánssamninga, en til viðbótar eftir árslok 2023 bætist við einn lánssamningur, dagsettur 19. mars 2024. Lánssamningarnir eru að finna í töflu 2.7.1.1 hér fyrir neðan.

Tafla 2.7.1.1 „Lánssamningar“ er felld út og ný tafla verður eftirleiðis:

Lánssamningur	Upphafleg fjárhæð*	Eftirstöðvar 31.12.2023*
22. desember 2016	3.150	3.958
14. nóvember 2017	2.350	2.949
1. október 2018	2.690	3.327
5. mars 2019	3.870	4.749
1. október 2019	1.930	2.346
5. maí 2020	880	1.039
3. júlí 2020	2.300	2.784
22. september 2020	1.400	1.754
7. september 2021	1.500	1.908
14. febrúar 2023	1.620	1.734
29. júní 2023	3.400	3.428
19. mars 2024	1.900	1.942**

*Fjárhæðir eru í milljónum króna.

**Eftirstöðvar lánssamnings dagsettur 19.3.2024 miðast við 19.3.2024 með áföllnum vöxtum og verðbótum

Önnur efnisgrein í undirkafla 2.7.1 „*Lánssamningar þar sem útgefandi er lánveitandi og Búseti er lántaki*“ í kafla 2.7 „*Helstu fjárfestingar útgefanda*“ er felld á brott og í stað hennar kemur:

Fyrirgreindir lánsamningar eru 100% af eignum Landsbréfa - BÚS I, og miða eftirstöðvar við stöðu eigna þann 31. desember 2023. Heildareftirstöðvar lánsamninga í árslok 2023 eru 29,98 ma.kr. Til viðbótar er einn nýr lánsamningur sem bætist við eignasafn útgefanda á fyrri árshelmingi 2024, en um er að ræða lánsamning sem dagsettur er 19. mars 2024, að fjárhæð 1,94 ma.kr.

Ný efnisgrein bætist við sem sextánda efnisgrein í undirkaflann 2.7.1 „*Lánsamningar þar sem útgefandi er lánveitandi og Búseti er lántaki*“ og sextánda efnisgrein í lýsingu dagsettri 13. desember 2023 hliðrast sem því nemur. Ný sextána efnisgrein verður eftirleiðis:

Lánsamningur dagsettur 19. mars 2024 er einnig fjármagnaður með viðbótarútgáfu á skuldabréfaflokknum BUS 63 og er með samskonar endurgreiðsluferil, vaxtakjör og skilmála eins og lánsamningar dagsettir 14. febrúar 2023 og 29. júní 2023.

Fyrsta efnisgrein í undirkafla 2.7.2 „*Veðsettar fasteignir til tryggingar á fjárfestingum útgefanda*“ í kafla 2.7 „*Helstu fjárfestingar útgefanda*“ er felld á brott og í stað hennar kemur:

Þann 30. júní 2023 hafði Búseti gefið út 11 tryggingabréf með veðum í 754 fasteignum til tryggingar á fyrirgreindum lánsamningum. Allar veðsettar fasteignir Búseta eru búsetuþbúðir samkvæmt skilningi laga nr. 66/2003, um húsnæðissamvinnufélög, nema fasteignir við Litlakrika 1, Mosfellsbæ, Berjavelli 4, Hafnarfirði og Gvendargeisla 17, Reykjavík. Heildarstærð tryggingasafnsins er 66.056m². Samtals fasteignamat þessara fasteigna er 50,68 ma.kr. ef miðað er við fasteignamat 2024, og áætlað bókfært virði í árslok 2023 um 52,84 ma.kr. Til viðbótar hefur Búseti gefið út nýtt tryggingabréf þann 19. mars 2024, að fjárhæð 2,50 ma.kr. með veði í 37 fasteignum, samtals 3.133m² til tryggingar á fyrirgreindum lánsamningi. Samtals fasteignamat þessara fasteigna er um 2,36 ma.kr., m.v. fasteignamat 2024, og samtals áætlað bókfært virði 2,52 ma.kr. Á dagsetningu þessa viðauka hefur Búseti gefið út 12 tryggingabréf með veðum í 791 fasteignum. Heildarstærð tryggingasafnsins er 69.189m², fasteignamat 53,04 ma.kr. og áætlað bókfært virði 55,40 ma.kr. Lánshlutfall m.v. áætlað bókfært virði er 57,68%.

Þrettánda efnisgrein í undirkafla 2.7.2 „*Veðsettar fasteignir til tryggingar á fjárfestingum útgefanda*“ í kafla 2.7 „*Helstu fjárfestingar útgefanda*“ er felld á brott og í stað hennar kemur

Á árinu 2023 bættust við tveir lánsamningar. Í lok árs voru eftirstöðvar lánsamninga samtals 29,98 ma.kr. Sjá kafla 2.11 „*Fjárhagsstaða, rekstrarafkoma og mat á eignum*“. Fasteignamat 2024 veðsettra fasteigna í lok árs 2023 nam samtals 50,68 mö.kr. og 45,36 ma.kr. m.v. fasteignamat 2023. Áætlað bókfært virði veðsettra fasteigna nam 52,84 mö.kr. í lok árs 2023. Lánshlutfall í lok árs 2023 var því um 59,15% m.v. fasteignamat 2024, en 66,08% m.v. fasteignamat 2023 og 56,73% m.v. áætlað bókfært virði fasteigna. Til frekari upplýsinga sjá nánar í töflu 2.7.2.1 „*Samantekt á tryggingastöðu*“ hér fyrir neðan, sem tekur einnig tillit til nýs lánsamnings dagsettur 19. mars 2024 og trygginga sem teknar voru í tengslum við útgáfu á nýjum lánsamningi.

Fjórtaða efnisgrein bætist við og tafla 2.7.2.1 „*Samantekt á tryggingastöðu þann 30. júní 2023*“ er felld brott og ný efnisgrein og tafla bætist við á eftir þrettánda efnisgrein í undirkafla 2.7.2 „*Veðsettar fasteignir til tryggingar á fjárfestingum útgefanda*“.

Ný fjórtaða efnisgrein verður eftirleiðis:

Til tryggingar á lánsamningnum dagsettu 19. mars 2024, að fjárhæð 1,90 ma.kr. gaf Búseti út tryggingabréf að fjárhæð 2,50 ma.kr. sem er þinglýst á 1. veðrétt á 37 fasteignir sem láninu er ætlað að fjármagna, að Tangarbryggju 2, 4a og 4b. Heildarstærð fyrirgreindra fasteigna er 3.133 m². Trausti fasteignasala var fengin til að verðmeta fyrirgreindar fasteignir sem eru til tryggingar skv. tryggingarbréfi dagsettu 19. mars 2024. Verðmat veðsettra fasteigna nam 2,52 mö.kr. Lánshlutfall við útgáfu er því um 77,10% m.v. verðmat. Fasteignamat 2024 er um 2,36 ma.kr. og brunabótamat um 1,92 ma.kr.

Tafla 2.7.2.1 „*Samantekt á tryggingarstöðu þann 30. júní 2023*“ mun eftirleiðis bera heitið *Samantekt á tryggingarstöðu*“ og birtist á eftir fjórtaða efnisgrein í undirkafla 2.7.2.

Ný tafla verður eftirleiddis:

Tafla 2.7.2.1: Samantekt á tryggingastöðu

Áætlað bókfært virði veðsettra fasteigna	55,40 ma.kr.
Fasteignamat 2024 veðsettra fasteigna	53,04 ma.kr.
Eftirstöðvar lánsamninga tryggðum með veðsettum fasteignum	31,94 ma.kr.
Lánshlutfall m.v. fasteignamat 2024 ¹	60,21%
Lánshlutfall m.v. áætlað bókfært virði á 31.12.2023*	57,68%

*Áætlað bókfært virði viðbótarveða í Tangarbryggju miðast við verðmat

Kafla 2.7.3. „Aðrir skilmálar lánsamninga“

Fyrsta efnisgreinin í kafla 2.7.3 „Aðrir skilmálar lánsamninga“ er felld brott og í stað hennar kemur:

Samkvæmt skilmálum lánsamningana er m.a. að finna fjárhagslegar kvaðir sem Búseti þarf að uppfylla, ásamt öðrum kvöðum. Til að tryggja eftirlit með þessu setur Landsbréf - BÚS I það sem skilyrði að fá reglulega upplýsingar um fjárhagslega stöðu og rekstur mótaðila útgefanda. Ef Búseti stendur ekki við skilmála lánsamninga er útgefanda heimilt að gjaldfella lánin einhliða og fyrirvaralaust. Sjá nánar umfjöllun um skilmála skuldabréfaflokksins BUS 63 í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 13. desember 2023, og verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 8. apríl 2024 í kafla 4.1 „Gildistími og skjöl felld inn með tilvísun.“

Kafla 2.8 „Yfirstandandi og framtíðarfjárfestingar“

Efnisgreinin í kafla 2.8 „Yfirstandandi og framtíðarfjárfestingar“ er felld brott og í stað hennar kemur:

Útgefandi skuldbindur sig ekki nema fyrir liggja áskriftarloforð vegna sölu skuldabréfa. Ekki liggja fyrir bindandi skuldbindingar um fjárfestingar, en hins vegar liggja fyrir áform um að fjárfesta í skuldaskjölum sem Búseti gefur út eða lánsamningum sem félagið er aðili að sem lántaki, eftir því sem hægt er hverju sinni. Búseti gerir ráð fyrir að 242 íbúðir verða teknar í notkun á tímabilinu 2023-2025. Af fyrrgreindum 242 íbúðum hafa 153 verið afhentar Búseta á dagsetningu þessa viðauka en þar af hafa tvær verið seldar ótengdu leigufélagi².

Kafla 2.9 „Fjármögnun og fjármögnunarheimildir útgefanda“

Þriðja efnisgrein í kafla 2.9 „Fjármögnun og fjármögnunarheimildir útgefanda“ er felld brott og í stað hennar kemur:

Þann 30. júní 2023 hefur útgefandi fjármagnað sig með útgáfu hlutdeildarskírteina sbr. umfjöllun í kafla 2.2 „Hlutdeildarskírteini“. Jafnframt hefur útgefandi gefið út þrjá skuldabréfaflokka, BUS 56, BUS 60 og BUS 63. Fyrst gaf útgefandi út skuldabréfaflokkinn BUS 56³ en heildarstærð hans er 13,64 ma.kr. Annar skuldabréfaflokkur útgefanda er BUS 60, en heildarstærð BUS 60⁴ er 6,08 ma.kr. Þann 5. febrúar 2023 gaf útgefandi fyrst út þriðja skuldabréfaflokkinn BUS 63⁵, að fjárhæð 1,62 ma.kr. Viðbótarútgáfa átti sér stað þann 14. júlí 2023 að fjárhæð 3,4 ma.kr. og þann 11. mars 2024, að fjárhæð 1,9 ma.kr. Heildarstærð skuldabréfaflokksins BUS 63 er því 6,92 ma.kr.⁶ að nafnvirði. Nánari upplýsingar um skuldabréfaflokkana BUS 56, BUS 60 og BUS 63 er að finna í verðbréfalýsingum flokkanna á eftirfarandi slóð: [Skráð skuldabréf - Landsbréf \(landsbref.is\)](https://www.landsbref.is)⁷.

² Að meðtöldum íbúðum í byggingu og íbúðum keyptum af Heimstaden. Í árslok höfðu 97 af 242 íbúðum verið afhentar. Í febrúar 2024 voru 56 íbúðir afhentar

³ Heildarheimild útgáfu skuldabréfaflokksins BUS 56 er 18,0 ma.kr.

⁴ Heildarheimild útgáfu skuldabréfaflokksins BUS 60 er 12,0 ma.kr.

⁵ Heildarheimild útgáfu skuldabréfaflokksins BUS 63 er 12,0 ma.kr.

⁶ M.v. dagsetningu viðauka þessa.

⁷ Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar sem felldar eru inn í lýsinguna með tilvísun.

2. Upplýsingar um mótaðila útgefanda í fjárfestingum

Kafla 5.4 „Fasteignasafn Búseta“

Fyrsta efnisgrein í kafla 5.4 „Fasteignasafn Búseta“ og tafla 5.4.1 „Landfræðileg skipting fullbúinna fasteigna Búseta“ í kafla 5.4 „Fasteignasafn Búseta“ eru felld brott.

Ný fyrsta efnisgrein verður eftirleiðis:

Í árslok 2023 átti Búseti 1.361 eignir á höfuðborgarsvæðinu og Akranesi, eða samtals um 118.497 skráða fermetra, að meðtöldum 42 eignum við Hallgerðargötu sem eru í byggingu⁸. Af þeim 1.361 eignum sem Búseti á eru 151 íbúðir í útleigu hjá Leigufélaginu Búseta. Fasteignamat 2024 fyrir fullbúnar fasteignir og fasteignir í útleigu hjá Leigufélaginu Búseta nemur 84,51 mö.kr. og brunabótamat er 59,80 ma.kr. Af þeirri 131 íbúð sem eignasafn samstæðu Búseta stækkaði um á seinni helmingi ársins 2023 voru 56 afhentar í febrúar 2024.

Ný tafla verður eftirleiðis:

Tafla 5.4.1 Landfræðileg skipting fullbúinna fasteigna Búseta⁹

Eignir	Fjöldi eininga ¹⁰	Meðalstærð eininga (m ²)	Bókfært virði ^{11*}	Fasteignamat 2024*	Fjöldi fermetra
Reykjavík	840	86,6	56.856	55.979	72.765
Seltjarnarnes	22	82,5	1.398	1.373	1.815
Kópavogur	62	88,3	3.959	3.887	5.475
Garðabær	54	100,5	3.499	3.379	5.425
Hafnarfjörður	111	95,1	6.751	6.629	10.552
Mosfellsbær	73	89,6	4.562	4.479	6.541
Akranes	6	95,2	279	274	571
Samtals	1.168	88,3	77.304	76.000	103.144

3. Tilkynning til fjárfesta

Kafla 6 „Tilkynning til fjárfesta“

Fyrsta efnisgrein í kafla 6 felld brott og í stað hennar kemur:

Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda dagsettri 13. desember 2023, sem varðar beiðni stjórnar útgefanda um töku skuldabréfaflokksins BUS 63, til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og lýsingu útgefanda dagsettri 8. apríl 2024 sem varðar beiðni stjórnar útgefanda um töku viðbótarútgáfu skuldabréfaflokksins BUS 63, til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Skuldabréfin eru gefin út af Landsbréfum - BÚS I, hlutdeildarsjóði sem rekinn er af Landsbréfum. Lýsing þessi sem er útgefin í tengslum við útgáfu á skuldabréfaflokknum BUS 63 er á íslensku og samanstendur af tveimur aðskildum skjölum; útgefandalýsingu þessari, verðbréfalýsingu dagsettri 13. desember 2023 og verðbréfalýsingu dagsettri 8. apríl 2024, hvort sem við á.

⁸ Áætlað er að húsnæðið verði tilbúið á síðasta ársfjórðungi 2024, en sala búseturéttá muni hefjast í ársbyrjun 2024.

⁹ Tafla sýnir upplýsingar um móðurfélagið og fjárhæðir eru í milljónum króna

¹⁰ M.v. 31. desember 2023.

¹¹ M.v. 31. desember 2023.

Þriðja efnisgrein í kafla 6 er felld brott og í stað hennar kemur:

Þann 5. febrúar 2023 gaf útgefandi út skuldabréfaflokkinn BUS 63, að fjárhæð 1,62 ma.kr. Viðbótarútgáfa átti sér stað þann 14. júlí 2023 að fjárhæð 3,4 ma.kr. og 11. mars 2024, að fjárhæð 1,90 ma.kr. Heildarstærð skuldabréfaflokksins BUS 63 er því 6,92 ma.kr. eða 346 nafnverðseiningar, á dagsetningu þessarar lýsingar.

Áttunda efnisgrein í kafla 6 er felld brott og í stað hennar kemur:

Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda. Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfunum ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft áhrif á útgefanda og virði skuldabréfanna, en þeim er lýst í kafla 1 í útgefandalýsingu þessari og í kafla 1 í verðbréfalýsingu Landsbréfa - BÚS I dagsettri 13. desember 2023 og 8. apríl 2024, hvort sem við á. Fjárfestum er bent á að gera eigin sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Níunda efnisgrein í kafla 6 er felld brott og í stað hennar kemur:

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu lýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 13. desember 2023, verðbréfalýsingu dagsettri 8. apríl 2024 og útgefandalýsingu þessari. Því gerir útgefandi kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. Útgefandalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 13. desember 2023 og 8. apríl 2024 skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi. Útgefandi, rekstraraðili, vörsluaðili og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. sem er umsjónaraðili með töku skuldabréfa Landsbréfa - BÚS I til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á lýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 13. desember 2023 og 8. apríl 2024 í neinni lögsögu.

Kafla 6.1 „Gildistími og skjöl til sýnis“

Fyrsta efnisgrein í kafla 6.1 „Gildistími og skjöl til sýnis“

Lýsing útgefanda dagsett 13. desember 2023 og 8. apríl 2024, samanstendur af tveimur skjölum, útgefandalýsingu þessari, og verðbréfalýsingu dagsettri 13. desember 2023 eða verðbréfalýsingu dagsettri 8. apríl 2024, eftir því sem við á, og eftir atvikum viðaukum sem kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Upplýsingar í lýsingunni dagsettri 13. desember 2023 og í lýsingunni dagsettri 8. apríl 2024 byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin er í gildi í 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af útgefanda eða varða hann.

Nýir liðir bætast við aðra efnisgrein í kafla 6.1 „Gildistími og skjöl til sýnis“ og eru svohljóðandi:

- Endurskoðaður ársreikningur útgefanda 2023

- Verðbréfalýsing dagsett 8. apríl 2024

Kafla 6.2 „Skjöl felld inn með tilvísun“

Nýir liðir bætast við kafla 6.2 „Skjöl felld inn með tilvísun“ og skoðast sem órjúfanlegir hlutar af útgefandalýsingunni, en þeir eru svohljóðandi:

- Endurskoðaður ársreikningur Landsbréfa -BÚS I 2023, ásamt skýrslu endurskoðanda, vefslóð; <https://www.landsbref.is/uploads/files/bus-i/landsbref-bus-i-arsreikningur-2023.pdf>

Kafla 6.9 „Skilgreiningar“

Með viðauka þessum eru einnig eftirfarandi breytingar gerðar á kafla 6.9 „Skilgreiningar“ í útgefandalýsingunni.

Uppfærð hugtök í kafla 6.9 „Skilgreiningar“

- „lýsingin“ dagsett 13. desember 2023 til lýsingar Landsbréfa -BÚS I dagsettrar 13. desember 2023, sem samanstendur af útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettri 13. desember 2023,
- „lýsingin“ til lýsingar Landsbréfa -BÚS I dagsettrar 8. apríl 2024, sem samanstendur af útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettri 8. apríl 2024,
- „útgefandalýsingin“ til útgefandalýsingar dagsettrar 13. desember. 2023, ásamt viðauka þessum,

Yfirlýsingar stjórnar og framkvæmdastjóra rekstraraðila

Formaður stjórnar Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, Reykjastræti 2, 101 Reykjavík, og framkvæmdastjóri Landsbréfa, lýsa hér með yfir fyrir hönd fagfjárfestasjóðsins Landsbréf - BÚS I, að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 8. apríl. 2024

Fyrir hönd Fagfjárfestasjóðsins Landsbréf - BÚS I

Þórunna Jónsdóttir, formaður stjórnar Landsbréfa hf.

Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri Landsbréfa hf.

Undirritunarsíða

F.h. Landsbréfa BÚS I
Helgi Þór Arason

F.h. Landsbréfa BÚS I
Þórunn Jónsdóttir